

127. löggjafarþing 2001–2002.  
Þskj. 1162 — 363. mál.

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. apríl.)

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: afla eða ráðstafa verðbréfum, fyrir eigin reikning eða annarra, búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum.

2. gr.

Við 69. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Brot gegn lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.